

AUGLÝSING

**um samning um að koma í veg fyrir stjórnlausar
úthafsveiðar í miðhluta Norður-Íshafsins.**

Hinn 2. júlí 2020 var kanadíska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um að koma í veg fyrir stjórnlausar úthafsveiðar í miðhluta Norður-Íshafsins, sem gerður var í Ilulissat 3. október 2018. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 3. október 2018.

Við afhendingu fullgildingarskjalsins var jafnframt lögð fram yfirlýsing fyrir Íslands hönd um réttarstöðu hafsvæðisins umhverfis Svalbarða.

Samningurinn öðlast gildi 25. júní 2021.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og yfirlýsingin sem fylgiskjal 2. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. júní 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

UM AÐ KOMA Í VEG FYRIR STJÓRNLAUSAR ÚTHAFSVEIÐAR
Í MIÐHLUTA NORÐUR-ÍSHAFSINS.

Aðilar að þessum samningi,

sem gera sér grein fyrir því að allt þar til nýlega hefur ís að mestu þakið úthafssvæðið í miðhluta Norður-Íshafsins árið um kring sem leiddi til þess að ógerningur var að stunda fiskveiðar á því hafsvæði en á síðustu árum hefur íshellan hropað,

sem hafa í huga að enda þótt athafnir manna hafi lítil áhrif haft á vistkerfin í miðhluta Norður-Íshafsins séu þessi vistkerfi nú að taka breytingum vegna loftslagsbreytinga og annarra fyrirbæra og að ekki er fyrir hendi góður skilningur á áhrifum þessara breytinga,

sem gera sér grein fyrir því að heilbrigð og sjálfbær sjávarvistkerfi og sjávarútvegur gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í tengslum við fæðu og næringu,

sem gera sér grein fyrir sérstakri ábyrgð og sérstökum hagsmunum strandríkja við miðhluta Norður-Íshafsins í tengslum við verndun og sjálfbæra stjórnun fiskistofna í miðhluta Norður-Íshafsins,

sem veita því athygli í þessu tilliti að frumkvæði strandríkja við miðhluta Norður-Íshafsins endurspeglast í yfirlýsingunni um að koma í veg fyrir stjórnlausar úthafsveiðar í miðhluta Norður-Íshafsins sem var undirrituð 16. júlí 2015,

sem hafa í huga meginreglur og ákvæði sáttmála og annarra alþjóðlegra gerninga er varða veiðar í sjó sem eiga þegar við um úthafssvæðið í miðhluta Norður-Íshafsins, m.a. þau sem er að finna í:

hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 („hafréttarsamningurinn“)

samningnum um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförra fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim frá 4. ágúst 1995 („úthafsveiðisamningurinn frá 1995“) og

siðareglunum um ábyrgar fiskveiðar frá 1995 og öðrum viðeigandi gerningum sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt,

sem leggja áherslu á mikilvægi þess að koma á samstarfi og samræmi milli aðilanna og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, sem hefur valdheimildir til að samþykkja verndunar- og stjórnunarráðstafanir á hluta úthafssvæðisins í miðhluta Norður-Íshafsins, og annarra viðeigandi fiskveiðistjórnunarkerfa sem komið hefur verið á fót og starfrækt eru í samræmi við reglur þjóðaréttar og aðra viðeigandi alþjóðlega aðila og áætlanir,

sem telja ólíklegt að fiskveiðar í atvinnuskyni verði arðbærar á úthafssvæðinu í miðhluta Norður-Íshafsins í náninni framtíð og að af þeim sökum sé ótímabært, við núverandi aðstæður, að koma á fót öðrum svæðis- eða undirsvæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum eða öðru fiskveiðifyrirkomulagi til viðbótar á úthafssvæðinu í miðhluta Norður-Íshafsins,

sem vilja, í samræmi við varúðarnálgun, koma í veg fyrir að hafnar verði stjórnlausar fiskveiðar á úthafssvæðinu í miðhluta Norður-Íshafsins jafnframt því að skoða reglulega hvort fyrir liggja þörf fyrir frekari verndunar- og stjórnunarráðstafanir,

sem hafa í huga yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja frá 2007,

sem gera sér grein fyrir hagsmunum íbúa við Norðurskautssvæðið, þ.m.t. frumbyggja, af verndun og sjálfbærri nýtingu lifandi sjávarauðlinda til lengri tíma og heilbrigðum sjávarvistkerfum í Norður-Íshafinu og leggja áherslu á mikilvægi þess að hafa þá og samfélög þeirra með í ráðum og

sem vilja stuðla að nýtingu bæði vísindabekkingar og þekkingar frumbyggja og staðkunnugra á lifandi sjávarauðlindum í Norður-Íshafinu og vistkerfum þeirra sem undirstöðu fyrir verndun og stjórnun fiskveiða á úthafssvæðinu í miðhluta Norður-Íshafsins,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Notkun hugtaka.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „*samningssvæði*“ merkir úthafssvæðið í miðhluta Norður-Íshafsins sem er umkringt hafsvæðum þar sem Kanada, Konungsríkið Danmörk fyrir hönd Grænlands, Konungsríkið Noregur, Rússneska sambandsríkið og Bandaríki Norður-Ameríku fara með fiskveiðilögsögu,
- b) „*fiskur*“ merkir tegundir fisks, lindýra og krabbadýra, að undanskildum þeim sem tilheyra botnsetutegundum eins og þær eru skilgreindar í 77. gr. hafréttarsamningsins,
- c) „*fiskveiðar*“ merkir að leita að, laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk eða hvers kyns athafnir sem ætla má að feli í sér að laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk,
- d) „*fiskveiðar í atvinnuskyni*“ merkir fiskveiðar í ábataskyni,
- e) „*tilraunaveiðar*“ merkir fiskveiðar í þeim tilgangi að meta sjálfbærni og hagkvæmni framtíðar-fiskveiða í atvinnuskyni með því að leggja af mörkum vísindagögn er varða slíkar fiskveiðar,
- f) „*skip*“ merkir skip sem er notað, útbúið eða ætlað til fiskveiða.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið þessa samnings er að koma í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafssvæðinu í miðhluta Norður-Íshafsins með því að beita í varúðarskyni verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem hluta af langtímaáætlun til að vernda heilbrigð sjávarvistkerfi og tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu fiskistofna.

3. gr.

Verndunar- og stjórnunarráðstafanir til bráðabirgða vegna fiskveiða.

1. Sérhver aðili skal heimila skipum, sem eiga rétt á að sigla undir fána hans, að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á samningssvæðinu eingöngu í samræmi við:
 - a) verndunar- og stjórnunarráðstafanir til sjálfbærrar stjórnunar fiskistofna, sem samþykktar eru af svæðis- eða undirsvæðisbundinni fiskveiðistjórnunarstofnun eða -stofnunum eða öðru fiskveiðistjórnunarfyriðkomulagi, sem hefur verið eða kann að verða komið á fót og starfrækt í samræmi við reglur þjóðaréttar til þess að stjórna fiskveiðum í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla eða
 - b) verndunar- og stjórnunarráðstafanir til bráðabirgða sem aðilarnir kunna að samþykkja skv. ii. lið c-liðar í 1. mgr. 5. gr.
2. Aðilarnir eru hvattir til þess að stunda vísindarannsóknir innan ramma sameiginlegu áætlunarinnar um vísindarannsóknir og vöktun sem komið er á fót skv. 4. gr. og samkvæmt innlendum landsáætlunum á sviði vísinda.
3. Aðili getur heimilað skipum, sem mega sigla undir fána hans, að stunda tilraunaveiðar á samningssvæðinu eingöngu í samræmi við verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem aðilarnir hafa samþykkt á grundvelli d-liðar 1. mgr. 5. gr.
4. Aðilarnir skulu sjá til þess að vísindarannsóknir þeirra sem taka til fiskveiða á samningssvæðinu grafi ekki undan ráðstöfunum gegn stjórnlausum fiskveiðum í atvinnu- og tilraunaskyni og verndun heilbrigðra sjávarvistkerfa. Aðilarnir eru hvattir til að upplýsa hver annan um áætlanir sínar um að heimila slíkar vísindarannsóknir.
5. Aðilarnir skulu tryggja að farið sé að þeim bráðabirgðaráðstöfunum sem samþykktar eru í þessari grein, sem og frekari eða annars konar bráðabirgðaráðstöfunum sem þeir samþykkja skv. c-lið 1. mgr. 5. gr.
6. Aðilar sem eru strandríki og aðrir aðilar skulu, í samræmi við 7. gr. úthafsveiðisamningsins frá 1995, hafa með sér samstarf til þess að tryggja að farið sé að verndunar- og stjórnunarráðstöfunum

vegna fiskistofna sem er að finna bæði innan og utan lögsögu einstakra ríkja í miðhluta Norður-Íshafsins í því skyni að tryggja verndun og stjórnun þessara stofna í heild sinni.

7. Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 4. mgr. hér að framan skal ekki túlka neitt í þessum samningi svo að það takmarki rétt aðila í tengslum við hafrannsóknir eins og fram kemur í hafréttarsáttmálanum.

4. gr.

Sameiginleg áætlun um vísindarannsóknir og vöktun.

1. Aðilarnir skulu greiða fyrir samstarfi í vísindalegri starfsemi með það að markmiði að efla þekkingu á lifandi sjávarauðlindum í miðhluta Norður-Íshafsins og þeim vistkerfum þar sem þær er að finna.
2. Aðilarnir samþykkja að koma á fót, innan tveggja ára frá gildistöku þessa samnings, sameiginlegri áætlun um vísindarannsóknir og vöktun með það að markmiði að bæta skilning þeirra á vistkerfum samningssvæðisins og einkum ákvarða hvort fiskistofnar kunni að vera fyrir hendi á samningssvæðinu nú eða í framtíðinni sem hægt væri að nýta með sjálfbærum hætti og möguleg áhrif slíkra fiskveiða á vistkerfi samningssvæðisins.
3. Aðilarnir skulu stýra þróun, samræmingu og framkvæmd sameiginlegu áætlunarinnar um vísindarannsóknir og vöktun.
4. Aðilarnir skulu sjá til þess að í sameiginlegu áætluninni um vísindarannsóknir og vöktun sé tekið tillit til starfs á vegum viðeigandi vísinda- og tæknistofnana, -aðila og -áætlana, auk þekkingar frumbyggja og staðkunnugra.
5. Aðilarnir skulu, innan ramma sameiginlegu áætlunarinnar um vísindarannsóknir og vöktun, samþykkja, innan tveggja ára frá gildistöku þessa samnings, reglur um gagnamiðlun og skulu miðla viðeigandi gögnum, beint eða fyrir milligöngu vísinda- og tæknistofnana, -aðila og -áætlana, í samræmi við þær reglur.
6. Aðilarnir skulu halda sameiginlega vísindafundi, með því að koma saman eða með öðrum hætti, a.m.k. á tveggja ára fresti og a.m.k. tveimur mánuðum áður en fundir aðilanna skv. 5. gr. eru haldnir, þar sem þeir leggja fram niðurstöður rannsókna sinna, fara yfir bestu fyrirbyggjandi vísindaupplýsingar og láta tímanlega í té vísindalega ráðgjöf á fundum aðilanna. Aðilarnir skulu samþykkja, innan tveggja ára frá gildistöku þessa samnings, starfsskilmála og aðrar verklagsreglur að því er varðar hlutverk sameiginlegu vísindafundanna.

5. gr.

Endurskoðun og frekari framkvæmd.

1. Aðilarnir skulu koma saman á tveggja ára fresti eða oftár ef þeir ákveða það. Á fundum sínum skulu aðilarnir m.a.:
 - a) fara yfir framkvæmd þessa samnings og, þegar við á, fjalla um hver þau málefni er varða gildistíma þessa samnings í samræmi við 2. mgr. 13. gr.,
 - b) fara yfir allar fyrirbyggjandi vísindalegar upplýsingar, sem fjallað er um á vettvangi sameiginlegu áætlunarinnar um vísindarannsóknir og vöktun og koma frá vísindaáætlunum einstakra ríkja og öðrum viðeigandi heimildum, m.a. þekkingu frumbyggja og staðkunnugra,
 - c) á grundvelli vísindalegra upplýsinga, sem rekja má til sameiginlegu áætlunarinnar um vísindarannsóknir og vöktun, frá vísindaáætlunum einstakra ríkja og frá öðrum viðeigandi heimildum, og með tilliti til viðeigandi sjónarmiða varðandi stjórnun fiskveiða og vistkerfið, m.a. varúðarnálgunar og mögulegra skaðlegra áhrifa fiskveiða á vistkerfin, m.a. fjalla um hvort útbreiðsla, göngur og magn fisks á samningssvæðinu myndi styðja við sjálfbærar fiskveiðar í atvinnuskyni og ákvarða, á þeim grundvelli:
 - i. hvort hefja skuli samningaviðræður til þess að koma á fót öðrum svæðis- eða undirsvæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum eða öðru fiskveiðistjórnunarfyrirkomulagi til viðbótar á samningssvæðinu og
 - ii. hvort koma skuli á fót, eftir að samningaviðræður eru hafnar skv. i. lið hér að framan og þegar aðilar hafa samþykkt kerfi til þess að tryggja sjálfbærni fiskistofna, bráðabirgða-

- verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, sem koma til viðbótar eða eru annars eðlis, í tengslum við þessa fiskistofna á samningssvæðinu,
- d) koma á fót, innan þriggja ára frá gildistöku þessa samnings, verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna tilraunaveiða á samningssvæðinu. Aðilarnir geta breytt þessum ráðstöfunum öðru hverju. Í ráðstöfununum skal m.a. kveðið á um:
 - i. að tilraunaveiðar skuli ekki grafa undan markmiði þessa samnings,
 - ii. að takmarka skuli tilraunaveiðar hvað varðar tímalengd, gildissvið og umfang til þess að draga eins og kostur er úr áhrifum á fiskistofna og vistkerfi og skulu þær vera í samræmi við þær stöðluðu kröfur sem settar eru fram í reglunum um gagnamiðlun sem samþykktar eru í samræmi við 5. mgr. 4. gr.,
 - iii. að aðili geti heimilað tilraunaveiðar einungis á grundvelli traustra vísindarannsóknna og þegar þær eru í samræmi við sameiginlegu áætlunina um vísindarannsóknir og vöktun og hans eigin vísindaáætlun/-áætlanir,
 - iv. að aðili geti heimilað tilraunaveiðar einungis eftir að hann hefur tilkynnt hinum aðilunum um fyrirætlanir sínar varðandi slíkar fiskveiðar og veitt öðrum aðilum tækifæri til að gera athugasemdir við þessar fyrirætlanir og
 - v. að aðili verði að hafa fullnægjandi eftirlit með hvers kyns tilraunaveiðum sem hann hefur heimilað og veita hinum aðilunum upplýsingar um niðurstöður slíkra fiskveiða.
 2. Til þess að stuðla að framkvæmd þessa samnings, m.a. með tilliti til sameiginlegu áætlunarinnar um vísindarannsóknir og vöktun og annarrar starfsemi sem stunduð er skv. 4. gr., geta aðilarnir komið á fót nefndum eða sambærilegum aðilum með þátttöku fulltrúa samfélaganna, m.a. frumbyggja, við Norðurskautssvæðið.

6. gr.

Ákvarðanataka.

1. Meirihluti aðila, sem greiða atkvæði með eða á móti, skal taka ákvarðanir um álitafni varðandi málsmeðferð.
2. Aðilarnir skulu taka ákvarðanir um efnisleg álitafni með samhljóða samþykki. Að því er þennan samning varðar merkir „samhljóða samþykki“ það að enginn setur fram formleg andmæli þegar ákvörðunin er tekin.
3. Álitafni skal teljast efnislegt ef einhver aðilanna lítur svo á.

7. gr.

Lausn deilumála.

Ákvæði varðandi lausn deilumála, sem fram koma í VIII. hluta úthafsveiðisamningsins frá 1995, gilda að breyttu breytanda um hvers kyns deilur milli aðila er varða túlkun eða beitingu þessa samnings, hvort sem þeir eru einnig aðilar að úthafsveiðisamningnum frá 1995 eða ekki.

8. gr.

Aðilar sem ekki eiga aðild að samningnum.

1. Aðilarnir skulu hvetja þá aðila, sem ekki eiga aðild að samningnum, til þess að gera ráðstafanir sem eru í samræmi við ákvæði þessa samnings.
2. Aðilarnir skulu gera ráðstafanir í samræmi við ákvæði þjóðaréttar til þess að hindra starfsemi skípa sem mega sigla undir fána aðila sem eiga ekki aðild að þessum samningi, sem grefur undan skilvirkri framkvæmd hans.

9. gr.

Undirritun.

1. Samningur þessi er opinn til undirritunar í Ilulissat hinn 3. október 2018 fyrir Kanada, Alþýðulýðveldið Kína, Konungsríkið Danmörku fyrir hönd Færeyja og Grænlands, Ísland, Japan, Lýðveldið Kóreu, Konungsríkið Noreg, Rússneska sambandsríkið, Bandaríki Norður-Ameríku og Evrópusambandið og skal vera áfram opinn til undirritunar í 12 mánuði frá þeim degi.

2. Samningur þessi skal vera opinn til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis hvenær sem er fyrir undirritunaraðila hans.

10. gr.

Aðild.

1. Samningurinn skal vera opinn til aðildar hvenær sem er fyrir þau ríki sem fram koma í 1. mgr. 9. gr. og hafa ekki undirritað þennan samning og fyrir Evrópusambandið ef það hefur ekki undirritað samninginn.
2. Eftir gildistöku samnings þessa geta aðilarnir boðið öðrum ríkjum, sem hafa raunverulegra hagsmuna að gæta, að gerast aðilar að honum.

11. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að vörsluaðili hefur tekið við öllum skjölum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild þessara ríkja og Evrópusambandsins, sem fram koma í 1. mgr. 9. gr., að honum.
2. Eftir gildistöku samnings þessa skal hann öðlast gildi gagnvart hverju því ríki sem býðst að gerast aðili að honum skv. 2. mgr. 10. gr. og hefur lagt fram aðildarskjal 30 dögum eftir að skjalið er afhent til vörslu.

12. gr.

Uppsögn.

Aðili getur hvenær sem er sagt upp aðild að þessum samningi með því að senda skriflega tilkynningu til vörsluaðila eftir diplómatisikum leiðum, þar sem hann tilgreinir gildistöku dag uppsagnarinnar sem skal vera a.m.k. sex mánuðum eftir að tilkynningin er send. Uppsögn á samningi þessum skal ekki hafa áhrif á beitingu hans af hálfu þeirra samningsaðila sem eftir eru eða þá skyldu uppsagnaraðila að uppfylla skuldbindingu í þessum samningi sem hann yrði ella bundinn af samkvæmt reglum þjóðaréttar óháð þessum samningi.

13. gr.

Gildistími samningsins.

1. Samningur þessi skal í upphafi gilda í 16 ár frá gildistöku hans.
2. Þegar upphafstímabilinu, sem tilgreint er í fyrstu málsgrein hér að framan, lýkur skal samningur þessi framlengdur um fimm ár í senn nema aðili:
 - a) leggi fram formleg andmæli við framlengingu samningsins á síðasta fundi aðilanna fyrir lok upphafstímabilsins eða framlengingartímabils þar eftir eða
 - b) sendi formleg, skrifleg andmæli við framlengingu til vörsluaðilans eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok viðkomandi tímabils.
3. Aðilarnir skulu sjá um skilvirk umskipti frá þessum samningi yfir í hugsanlegan nýjan samning þar sem komið er á fót öðrum svæðis- eða undirsvæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum eða öðru fiskveiðistjórnunarfyrikomulagi til viðbótar á samningssvæðinu í því skyni að varðveita heilbrigð sjávarvistkerfi og tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu fiskistofna á samningssvæðinu.

14. gr.

Tengsl við aðra samninga.

1. Aðilarnir gera sér grein fyrir því að þeir eru og verða áfram bundnir af skuldbindingum sínum samkvæmt ákvæðum þjóðaréttar, m.a. skuldbindingum sem endurspeglast í hafréttarsáttmálanum og úthafsveiðisamningnum frá 1995, og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að halda áfram samstarfi um að uppfylla þessar skuldbindingar jafnvel þótt þessi samningur renni úr gildi eða honum verði sagt upp án þess að fyrir liggi samningur um að koma á fót öðrum svæðis- eða undirsvæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum eða öðru fiskveiðistjórnunarfyrikomulagi til viðbótar á samningssvæðinu.

2. Ekkert í þessum samningi skal skaða stöðu nokkurs aðila með tilliti til réttinda hans og skuldbindinga samkvæmt alþjóðasamningum eða stöðu hans með tilliti til álitaefna er varða hafrétt, m.a. að því er varðar hvers kyns stöðu í tengslum við það að neyta réttinda og lögsögu í Norður-Íshafinu.
3. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur aðila samkvæmt viðeigandi ákvæðum þjóðaréttar, eins og sett er fram í hafréttarsamningnum eða úthafsveiðisamningnum frá 1995, þ.m.t. tillögurétt um að gengið verði til viðræðna um að koma á fót öðrum svæðis- eða undirsvæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum eða öðru fiskveiðistjórnunarfyrirkomulagi til viðbótar á samningssvæðinu.
4. Samningur þessi skal ekki breyta réttindum og skuldbindingum aðila sem leiðir af öðrum samningum og eru í samræmi við þennan samning og sem hafa ekki áhrif á að aðrir aðilar nýti sér réttindi sín eða uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Samningur þessi skal hvorki grafa undan né vera í andstöðu við hlutverk og umboð fyrirbyggjandi alþjóðlegra fiskveiðistjórnunarkerfa.

15. gr.

Vörsluaðili.

1. Ríkisstjórn Kanada skal vera vörsluaðili samnings þessa.
2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent vörsluaðila.
3. Vörsluaðilinn skal tilkynna öllum undirritunaraðilum og öllum öðrum aðilum um afhendingu allra skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og aðild og annast hver þau störf önnur sem kveðið er á um í Vínarsamningnum um alþjóðasamningarétt frá 1969.

Gjört í Ilulissat hinn 3. október 2018 á kínversku, ensku, frönsku og rússnesku og eru allir textarnir jafngildir.

AGREEMENT
TO PREVENT UNREGULATED HIGH SEAS FISHERIES
IN THE CENTRAL ARCTIC OCEAN

The Parties to this Agreement,

Recognizing that until recently ice has generally covered the high seas portion of the central Arctic Ocean on a year-round basis, which has made fishing in those waters impossible, but that ice coverage in that area has diminished in recent years;

Acknowledging that, while the central Arctic Ocean ecosystems have been relatively unexposed to human activities, those ecosystems are changing due to climate change and other phenomena, and that the effects of these changes are not well understood;

Recognizing the crucial role of healthy and sustainable marine ecosystems and fisheries for food and nutrition;

Recognizing the special responsibilities and special interests of the central Arctic Ocean coastal States in relation to the conservation and sustainable management of fish stocks in the central Arctic Ocean;

Noting in this regard the initiative of the central Arctic Ocean coastal States as reflected in the Declaration Concerning the Prevention of Unregulated High Seas Fishing in the Central Arctic Ocean signed on 16 July 2015;

Recalling the principles and provisions of treaties and other international instruments relating to marine fisheries that already apply to the high seas portion of the central Arctic Ocean, including those contained in:

the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 (“the Convention”);

the Agreement for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks of 4 August 1995 (“the 1995 Agreement”); and

the 1995 Code of Conduct for Responsible Fisheries and other relevant instruments adopted by the Food and Agriculture Organization of the United Nations;

Underlining the importance of ensuring cooperation and coordination between the Parties and the North-East Atlantic Fisheries Commission, which has competence to adopt conservation and management measures in part of the high seas portion of the central Arctic Ocean, and other relevant mechanisms for fisheries management that are established and operated in accordance with international law, as well as with relevant international bodies and programs;

Believing that commercial fishing is unlikely to become viable in the high seas portion of the central Arctic Ocean in the near future and that it is therefore premature under current circumstances to establish any additional regional or subregional fisheries management organizations or arrangements for the high seas portion of the central Arctic Ocean;

Desiring, consistent with the precautionary approach, to prevent the start of unregulated fishing in the high seas portion of the central Arctic Ocean while keeping under regular review the need for additional conservation and management measures;

Recalling the 2007 United Nations Declaration on the Rights of Indigenous Peoples;

Recognizing the interests of Arctic residents, including Arctic indigenous peoples, in the long-term conservation and sustainable use of living marine resources and in healthy marine ecosystems in the Arctic Ocean and underlining the importance of involving them and their communities; and

Desiring to promote the use of both scientific knowledge and indigenous and local knowledge of the living marine resources of the Arctic Ocean and the ecosystems in which they occur as a basis for fisheries conservation and management in the high seas portion of the central Arctic Ocean,

Have agreed as follows:

Article 1

Use of Terms.

For the purposes of this Agreement:

- a) “*Agreement Area*” means the single high seas portion of the central Arctic Ocean that is surrounded by waters within which Canada, the Kingdom of Denmark in respect of Greenland, the Kingdom of Norway, the Russian Federation and the United States of America exercise fisheries jurisdiction;
- b) “*fish*” means species of fish, molluscs and crustaceans except those belonging to sedentary species as defined in Article 77 of the Convention;
- c) “*fishing*” means searching for, attracting, locating, catching, taking or harvesting fish or any activity that can reasonably be expected to result in the attracting, locating, catching, taking or harvesting of fish;
- d) “*commercial fishing*” means fishing for commercial purposes;
- e) “*exploratory fishing*” means fishing for the purpose of assessing the sustainability and feasibility of future commercial fisheries by contributing to scientific data relating to such fisheries;
- f) “*vessel*” means any vessel used for, equipped to be used for, or intended to be used for fishing.

Article 2

Objective of this Agreement.

The objective of this Agreement is to prevent unregulated fishing in the high seas portion of the central Arctic Ocean through the application of precautionary conservation and management measures as part of a long-term strategy to safeguard healthy marine ecosystems and to ensure the conservation and sustainable use of fish stocks.

Article 3

Interim Conservation and Management Measures Concerning Fishing.

1. Each Party shall authorize vessels entitled to fly its flag to conduct commercial fishing in the Agreement Area only pursuant to:
 - a) conservation and management measures for the sustainable management of fish stocks adopted by one or more regional or subregional fisheries management organizations or arrangements, that have been or may be established and are operated in accordance with international law to manage such fishing in accordance with recognized international standards; or
 - b) interim conservation and management measures that may be established by the Parties pursuant to Article 5, paragraph 1(c)(ii).
2. The Parties are encouraged to conduct scientific research under the framework of the Joint Program of Scientific Research and Monitoring established pursuant to Article 4 and under their respective national scientific programs.
3. A Party may authorize vessels entitled to fly its flag to carry out exploratory fishing in the Agreement Area only pursuant to conservation and management measures established by the Parties on the basis of Article 5, paragraph 1(d).
4. The Parties shall ensure that their scientific research activities involving the catching of fish in the Agreement Area do not undermine the prevention of unregulated commercial and exploratory fishing and the protection of healthy marine ecosystems. The Parties are encouraged to inform each other about their plans for authorizing such scientific research activities.
5. The Parties shall ensure compliance with the interim measures established by this Article, and with any additional or different interim measures they may establish pursuant to Article 5, paragraph 1(c).

6. Consistent with Article 7 of the 1995 Agreement, coastal States Parties and other Parties shall cooperate to ensure the compatibility of conservation and management measures for fish stocks that occur in areas both within and beyond national jurisdiction in the central Arctic Ocean in order to ensure conservation and management of those stocks in their entirety.
7. Other than as provided in paragraph 4 above, nothing in this Agreement shall be interpreted to restrict the entitlements of Parties in relation to marine scientific research as reflected in the Convention.

Article 4

Joint Program of Scientific Research and Monitoring.

1. The Parties shall facilitate cooperation in scientific activities with the goal of increasing knowledge of the living marine resources of the central Arctic Ocean and the ecosystems in which they occur.
2. The Parties agree to establish, within two years of the entry into force of this Agreement, a Joint Program of Scientific Research and Monitoring with the aim of improving their understanding of the ecosystems of the Agreement Area and, in particular, of determining whether fish stocks might exist in the Agreement Area now or in the future that could be harvested on a sustainable basis and the possible impacts of such fisheries on the ecosystems of the Agreement Area.
3. The Parties shall guide the development, coordination and implementation of the Joint Program of Scientific Research and Monitoring.
4. The Parties shall ensure that the Joint Program of Scientific Research and Monitoring takes into account the work of relevant scientific and technical organizations, bodies and programs, as well as indigenous and local knowledge.
5. As part of the Joint Program of Scientific Research and Monitoring, the Parties shall adopt, within two years of the entry into force of this Agreement, a data sharing protocol and shall share relevant data, directly or through relevant scientific and technical organizations, bodies and programs, in accordance with that protocol.
6. The Parties shall hold joint scientific meetings, in person or otherwise, at least every two years and at least two months in advance of the meetings of the Parties that take place pursuant to Article 5 to present the results of their research, to review the best available scientific information, and to provide timely scientific advice to meetings of the Parties. The Parties shall adopt, within two years of the entry into force of this Agreement, terms of reference and other procedures for the functioning of the joint scientific meetings.

Article 5

Review and Further Implementation.

1. The Parties shall meet every two years or more frequently if they so decide. During their meetings, the Parties shall, *inter alia*:
 - a) review implementation of this Agreement and, when appropriate, consider any issues relating to the duration of this Agreement in accordance with Article 13, paragraph 2;
 - b) review all available scientific information developed through the Joint Program of Scientific Research and Monitoring, from the national scientific programs, and from any other relevant sources, including indigenous and local knowledge;
 - c) on the basis of the scientific information derived from the Joint Program of Scientific Research and Monitoring, from the national scientific programs, and from other relevant sources, and taking into account relevant fisheries management and ecosystem considerations, including the precautionary approach and potential adverse impacts of fishing on the ecosystems, consider, *inter alia*, whether the distribution, migration and abundance of fish in the Agreement Area would support a sustainable commercial fishery and, on that basis, determine:
 - i. whether to commence negotiations to establish one or more additional regional or subregional fisheries management organizations or arrangements for managing fishing in the Agreement Area, and

- ii. whether, once negotiations have commenced pursuant to subparagraph (i) above and once the Parties have agreed on mechanisms to ensure the sustainability of fish stocks, to establish additional or different interim conservation and management measures in respect of those stocks in the Agreement Area;
- d) establish, within three years of the entry into force of this Agreement, conservation and management measures for exploratory fishing in the Agreement Area. The Parties may amend such measures from time to time. These measures shall provide, *inter alia*, that:
 - i. exploratory fishing shall not undermine the objective of this Agreement,
 - ii. exploratory fishing shall be limited in duration, scope and scale to minimize impacts on fish stocks and ecosystems and shall be subject to standard requirements set forth in the data sharing protocol adopted in accordance with Article 4, paragraph 5,
 - iii. a Party may authorize exploratory fishing only on the basis of sound scientific research and when it is consistent with the Joint Program of Scientific Research and Monitoring and its own national scientific program(s),
 - iv. a Party may authorize exploratory fishing only after it has notified the other Parties of its plans for such fishing and it has provided other Parties an opportunity to comment on those plans, and
 - v. a Party must adequately monitor any exploratory fishing that it has authorized and report the results of such fishing to the other Parties.
- 2. To promote implementation of this Agreement, including with respect to the Joint Program of Scientific Research and Monitoring and other activities undertaken pursuant to Article 4, the Parties may form committees or similar bodies in which representatives of Arctic communities, including Arctic indigenous peoples, may participate.

Article 6

Decision-Making.

1. Decisions of the Parties on questions of procedure shall be taken by a majority of the Parties casting affirmative or negative votes.
2. Decisions of the Parties on questions of substance shall be taken by consensus. For the purpose of this Agreement, “consensus” means the absence of any formal objection made at the time the decision was taken.
3. A question shall be deemed to be of substance if any Party considers it to be of substance.

Article 7

Dispute Settlement.

The provisions relating to the settlement of disputes set forth in Part VIII of the 1995 Agreement apply, *mutatis mutandis*, to any dispute between Parties relating to the interpretation or application of this Agreement, whether or not they are also Parties to the 1995 Agreement.

Article 8

Non-Parties.

1. The Parties shall encourage non-parties to this Agreement to take measures that are consistent with the provisions of this Agreement.
2. The Parties shall take measures consistent with international law to deter the activities of vessels entitled to fly the flags of non-parties that undermine the effective implementation of this Agreement.

Article 9

Signature.

1. This Agreement shall be open for signature at Ilulissat on 3 October 2018 by Canada, the People’s Republic of China, the Kingdom of Denmark in respect of the Faroe Islands and Greenland, Iceland, Japan, the Republic of Korea, the Kingdom of Norway, the Russian Federation, the

United States of America and the European Union and shall remain open for signature for 12 months following that date.

2. For signatories to this Agreement, this Agreement shall remain open for ratification, acceptance or approval at any time.

Article 10

Accession.

1. For the States listed in Article 9, paragraph 1 that have not signed this Agreement, and for the European Union if it has not signed this Agreement, this Agreement shall remain open for accession at any time.
2. After the entry into force of this Agreement, the Parties may invite other States with a real interest to accede to this Agreement.

Article 11

Entry into Force.

1. This Agreement shall enter into force 30 days after the date of receipt by the depositary of all instruments of ratification, acceptance, or approval of, or accession to, this Agreement by those States and the European Union listed in Article 9, paragraph 1.
2. After entry into force of this Agreement, it shall enter into force for each State invited to accede pursuant to Article 10, paragraph 2 that has deposited an instrument of accession 30 days after the date of deposit of that instrument.

Article 12

Withdrawal.

A Party may withdraw from this Agreement at any time by sending written notification of its withdrawal to the depositary through diplomatic channels, specifying the effective date of its withdrawal, which shall be at least six months after the date of notification. Withdrawal from this Agreement shall not affect its application among the remaining Parties or the duty of the withdrawing Party to fulfill any obligation in this Agreement to which it otherwise would be subject under international law independently of this Agreement.

Article 13

Duration of this Agreement.

1. This Agreement shall remain in force for an initial period of 16 years following its entry into force.
2. Following the expiration of the initial period specified in paragraph 1 above, this Agreement shall remain in force for successive five-year extension period(s) unless any Party:
 - a) presents a formal objection to an extension of this Agreement at the last meeting of the Parties that takes place prior to expiration of the initial period or any subsequent extension period; or
 - b) sends a formal objection to an extension to the depositary in writing no later than six months prior to the expiration of the respective period.
3. The Parties shall provide for an effective transition between this Agreement and any potential new agreement establishing an additional regional or subregional fisheries management organization or arrangement for managing fishing in the Agreement Area so as to safeguard healthy marine ecosystems and ensure the conservation and sustainable use of fish stocks in the Agreement Area.

Article 14

Relation to Other Agreements.

1. The Parties recognize that they are and will continue to be bound by their obligations under relevant provisions of international law, including those reflected in the Convention and the 1995 Agreement, and recognize the importance of continuing to cooperate in fulfilling those obligations even in the event that this Agreement expires or is terminated in the absence of any agree-

ment establishing an additional regional or subregional fisheries management organization or arrangement for managing fishing in the Agreement Area.

2. Nothing in this Agreement shall prejudice the positions of any Party with respect to its rights and obligations under international agreements and its positions with respect to any question relating to the law of the sea, including with respect to any position relating to the exercise of rights and jurisdiction in the Arctic Ocean.
3. Nothing in this Agreement shall prejudice the rights, jurisdiction and duties of any Party under relevant provisions of international law as reflected in the Convention or the 1995 Agreement, including the right to propose the commencement of negotiations on the establishment of one or more additional regional or subregional fisheries management organizations or arrangements for the Agreement Area.
4. This Agreement shall not alter the rights and obligations of any Party that arise from other agreements compatible with this Agreement and that do not affect the enjoyment by other Parties of their rights or the performance of their obligations under this Agreement. This Agreement shall neither undermine nor conflict with the role and mandate of any existing international mechanism relating to fisheries management.

Article 15

Depositary.

1. The Government of Canada shall be the depositary for this Agreement.
2. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the depositary.
3. The depositary shall inform all signatories and all Parties of the deposit of all instruments of ratification, acceptance, approval or accession and perform such other functions as are provided for in the 1969 *Vienna Convention on the Law of Treaties*.

DONE at Ilulissat on this day of October 3rd 2018, in a single original, in the Chinese, English, French and Russian languages, each text being equally authentic.

Fylgiskjal 2.**Yfirlýsing.**

Með vísun til a-liðar 1. gr. samningsins um að koma í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafssvæðinu í miðhluta Norður-Íshafsins, þar sem „samningssvæðið“ er skilgreint sem úthafssvæðið í miðhluta Norður-Íshafsins sem er umkringt hafsvæðum þar sem Kanada, Konungsríkið Danmörk fyrir hönd Grænlands, Konungsríkið Noregur, Rússneska sambandsríkið og Bandaríki Ameríku fara með fiskveiðilögsögu, lýsir ríkisstjórn Ísland því yfir að ákvæðið sé með fyrirvara um stöðu Íslands að því er varðar réttindi og skyldur hinna háu samningsaðila að Svalbarðasamningnum frá 1920 og að fiskveiðilögsaga sem Noregur fer með innan hafsvæðisins í kringum Svalbarða er með fyrirvara um takmarkanir samkvæmt Svalbarðasamningnum.

Declaration.

With reference to Article 1(a) of the Agreement to Prevent Unregulated High Seas Fisheries in the Central Arctic Ocean, whereby the „Agreement Area“ is defined as the single high seas portion of the central Arctic Ocean that is surrounded by waters within which Canada, the Kingdom of Denmark in respect of Greenland, the Kingdom of Norway, the Russian Federation and the United States of America exercise fisheries jurisdiction, the Government of Iceland declares that this provision is without prejudice to the position of Iceland with respect to the rights and obligation of the High Contracting Parties to the Svalbard Treaty of 1920, and that any exercise of fisheries jurisdiction by Norway within the maritime area around Svalbard is subject to the limitations of the Svalbard Treaty.